

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavíkurborg.

Fálkagötureitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar, þann 28. maí 2008 deiliskipulag fyrir Fálkagötureit sem afmarkast af Tómasarhaga, Hjarðarhaga, Suðurgötu og lóðum við Fálkagötu 1-13 og Tómasarhaga 7.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Sólvallagata 67, Vesturbæjarskóli.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 13. júní 2008 deiliskipulag fyrir lóð Vesturbæjarskóla að Sólvallagötu 67.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bæjarflöt 2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 13. júní 2008 breytingu á deiliskipulagi fyrir Gylfaflöt vegna lóðarinnar að Bæjarflöt 2.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lambhagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkurborgar, þann 18. júní 2008, breytingu á deiliskipulagi fyrir Lambhaga vegna stækkunar á byggingarreit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, 4. júlí 2008,

Ólöf Örvarsdóttir.